



Árnesi í maí 2017

Athygli er vakin á að engir vegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi finnst á þeirri samgönguáætlun sem nú er í gildi. Sætir það undrun sveitarstjórnar og annarra íbúa sveitarfélagsins.

Ástand margra vega í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er með þeim hætti að við það verður ekki unað lengur. Á það sérstaklega við um tengivegi og afleggjara að heimilum fólks og fyrirtækja. Kemur til aukið álag vegna ferðamannastraums og þungaflutninga.

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er þess óskað að lagfæringar eftirtaldra vega verði settir á samgönguáætlun allra næstu ára.

Forgangsvegir, þrír fyrst nefndu

324 Vorsabæjarvegur

326 Hælsvegur – Þar með talinn vegur að Háholti.

328 Stóra-Núpsvegur

327 Stangarvegur

329 Mástunguvegur – Tekið verði til alvarlegrar skoðunar nýtt vegstæði. Sá vegur liggur að Laxárdal.

Auk þess er ber að minna á afleggjara að Skeiðaháholti 3. Í hann var áður komið fjármagn, en ekki verið framkvæmt.

Eru þá ónefndir aðrir vegir sem sem eru mjög efnislitlir og þarfust ofaníburðar.

Af hálfu sveitarstjórnar er lögð rík áhersla á að þessum óskum verði svarað. Undirritaður leyfir sér að fullyrða að þolinmæði mjög margra íbúa er þrotin hvað ástand vegamála varðar.

Fyrir hönd Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Kristófer Tómasson sveitarstjóri.